

**416. fundur félagsmálanefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 14. mars 2017 og hófst hann kl. .**

**Fundinn sátu:**

Gunnhildur Björk Elíasdóttir formaður, Steinþór Bragason aðalmaður, Sigríður Guðfinna Ásgeirsdóttir varamaður, Arna Ýr Kristinsdóttir varamaður og Tinna Hrund Hlynsdóttir varamaður.

**Embættismenn:**

Sædis María Jónatansdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu, Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Dagný Sif Snæbjarnardóttir, ráðgjafi á fjölskyldusviði.

**Fundargerð ritaði:** Sædis María Jónatansdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu.

Hildur Elísabet Pétursdóttir boðaði forföll. Magnús Þór Bjarnason boðaði forföll.

**Dagskrá:**

**1. Trúnaðarmál. - 2011090094**

Fjögur trúnaðarmál kynnt fyrir félagsmálanefnd.

*Umræður um trúnaðarmálin, þau afgreidd og færð til bókar í trúnaðarmálabók félagsmálanefndar.*

**2. Almennar styrktarbeiðnir og styrktarlínur 2017 - 2017010042**

Á 964. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar var lagt fram bréf Sirrýjar Sifjar Sigurlaugardóttur, fræðslustjóra Alzheimersamtakanna, dagsett 7. febrúar sl. þar sem óskað var eftir styrk til að halda röð málþinga um land allt á næstu mánuðum. Bæjarráð óskaði umsagnar félagsmálanefndar um styrkbeiðnina.

*Félagsmálanefnd fagnar því að stefnt sé að því að halda málþing á Ísafirði. Félagsmálanefnd frestar afgreiðslu erindisins og felur starfsmanni á fjölskyldusviði að óska eftir frekari upplýsingum hjá Alzheimersamtökunum um fyrirhugaðan kostnað.*

**3. Fjárhagsáætlun 2018 - 2017020049**

Lagt fram ferli fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018, samantekt umræðna um gjaldskrá fyrir árið 2018 frá forstöðumannafundi, ásamt útreikningum lífeyris og tengdra bóta, gjaldskrá fjölskyldusviðs 2017 og reglum um fasteignagjöld.

*Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, kynnti vinnu vegna endurskoðunar gjaldskrár og fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018. Félagsmálanefnd felur starfsfólki fjölskyldusviðs að koma með tillögur að gjaldskrá fyrir fjölskyldusvið og að skoða möguleika á samræmdum tekjuviðmiðum innan sviðsins.*

**4. Fundargerðir stjórnar BS Vest. - 2015030003**

Lagðar fram fundargerðir stjórnar BS Vest frá fundum 6, 7 og 8.

*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar og umræður um þær.*

**5. Öldungaráð, fundargerðir. - 2016090043**

Lögð fram fundargerð frá 5. fundi öldungaráðs.

*Fundargerð lögð fram til kynningar og umræður um hana.*

**6. Hjólasöfnun Barnaheilla - 2017030046**

Lagður fram tölvupóstur dags. 3. mars 2017 frá Ástu Hafberg verkefnastjóra hjólastöfnunar Barnaheilla, þar sem kynnt er að Barnaheill hefja hjólasöfnun í fimmta sinn. Markmið hjólasöfnunarinnar er að börn í félagslega eða fjárhagslega erfiðri stöðu eignist reiðhjól. Hjólasöfnunin stendur frá miðjum marsmánuði til loka aprílmánaðar. Öllum sveitarfélögum landsins er boðið að taka þátt í verkefninu.

*Félagsmálanefnd tekur jákvætt í verkefnið og felur starfsfólki fjölskyldusviðs að kanna þörfina í sveitarfélaginu.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.**

---

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

---

Steinþór Bragason

---

Sigríður Guðfinna  
Ásgeirsdóttir

---

Arna Ýr Kristinsdóttir

---

Tinna Hrund Hlynsdóttir

---

Sædis María Jónatansdóttir

---

Margrét Geirsdóttir

---

Dagný Sif Snæbjarnardóttir